

Öngulsstaðahreppur

Afhending 2011/47

Öngulsstaðahreppur lá til norðurs frá Saurbæjarhreppi, austan Eyjafjarðarár og voru mörkin að sunnan milli Öxnafellis og Sámsstaða. Í hreppnum voru frá fornu fari afmarkaðir tveir sveitarhlutar, Kaupangssveit og Staðarbyggð. Samkvæmt manntali 1703 voru íbúar Öngulsstaðahrepps 292, en 302 ef Varðgjárþæirnir voru teknir með. Þæirnir Ytri- og Syðri-Varðgjá tilheyrðu Þingeyjarsýslu allt fram til 1852 en þá voru þeir teknir undir Öngulsstaðahrepp.

Kirkjur voru tvær í Öngulsstaðahreppi, Munkaþverárkirkja og Kaupangskirkja. Kirkjustaðirnir eru einnig helstu sögustaðir hreppsins, en leitt hefur verið líkum að því að Kaupangur sé nýtt nafn á Bíldá, þar sem Helgi magri hafði vetursetu er hann flutti í innsveitir Eyjafjarðar. Á Munkaþverá var stofnað klaustur árið 1155, sem var mjög auðugt og átti jarðir víða.

Árið 1991 sameinaðist Öngulsstaðahreppur sveitarfélögunum Saurbæjarhreppi og Hrafnagilshreppi og mynduðu sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit. Fyrir sameininguna bjuggu um 400 manns í Öngulsstaðahreppi.

Afhendingin barst frá Stefáni J. Árnasyni, Eyjafjarðarsveit. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 53, 55, 61, 75, 83, 89, 222, 340, 347, 597, 690, 698, 762, 763, 798, 948, 978, 1030, 2006/35, 2011/52, 2014/15 og 2017/47.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
26. nóvember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
A-Öngulsstaðahreppur			2011 / 47
A-Öngulsstaðahreppur			
AB-Fundargerðir, annarra nefnda		1895 - 1938	
2011 - AB / 1	1	1895- 1938	Fundagerðarbók, styrktarsjóðs Öngulsstaðahrepps.
			22,5X19 cm.